

REGLUGERÐ

108

23. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjóli og neftóbaki skal vera 16%, miðað við verð Tóbakseinkasölnnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. sept. 1958, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 26. jan. 1957, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jósefs J. Björnssonar 109 skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1958. 25. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóðs Jósefs J. Björnssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jósefs J. Björnssonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn er eign bændaskólans á Hólum. Skólastjóri bændaskólans hefur með höndum stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Reikning hans skal birta árlega í skýrslu skólans.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum hans skal verja árlega til verðlauna, en leggja $\frac{1}{4}$ hluta við höfuðstólinn.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim nemanda, er hæsta einkunn hlýtur við burtfararpróf. Nú hljóta tveir eða fleiri nemendur sömu meðaleinkunn, og skiptast þá verðlaunin jafnt milli þeirra. Skólastjóri afhendir verðlaunin við skólauppsögn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17. október 1946.